


# Vöktun mengunar tryggir öryggi íslenskra sjávarafurða



Kerfisbundin vöktun á óæskilegum efnum í sjávarafurðum hófst árið 2003, að frumkvæði sjávarútvegsráðuneytisins. Um er að ræða vöktun bæði í afurðum til manneldis og einnig í afurðum til lýsis- og mjöliðnaðar. Helstu nytjategundir sjávarfangs eru vaktaðar og er fjöldi tegunda óæskilegra efna sem rannsökuð eru á bilinu 60-90. Þeirra á meðal eru díoxín og díoxínlík PCB-efni en einnig eru m.a. mæld varnarefni, þungmálmar, PCB og PAH efni.



## Eftirlit viðheldur góðri ímynd

Vöktun á óæskilegum efnum í sjávarafurðum við Ísland var ýtt úr vör árið 2003 og liggja því nú fyrir töluverðar upplýsingar um magn mengandi efna í íslenskum sjávarafurðum. Engu að síður er mikilvægt að þetta verkefni sé hugsað sem langtíma-verkefni þar sem sífellt er nauðsynlegt að uppfæra og útvíkka vöktunina.

Með þessu verkefni er verið að afla upplýsinga um mengunarefni í fyrsta sinn fyrir margar helstu nytjategundir sjávarfangs. Tilgangurinn með vöktuninni er að safna gögnum til þess að unnt sé að sýna fram á öryggi íslenskra matvæla, vernda ímynd og tryggja útflutningstekjur vegna sölu á íslenskum sjávarafurðum.

Gögnin nýtast ennfremur við áhættumat og eru mikilvægt verkfæri í markaðs-kynningu á íslensku sjávarfangi.

Árlega er gefin út skýrsla á ensku með niðurstöðum mengunarvöktunarinnar. Skýrsluna er að finna á heimasíðu Matis ([www.matis.is](http://www.matis.is)) ásamt því að vera sýnd myndrænt á heimasíðu Matis undir flípanum "Óæskileg efni (aðskotaefni) í íslensku sjávarfangi".

## Nauðsynlegt að fylgjast með

Óæskileg efni eru mýmörg í umhverfinu og sum þeirra geta haft neikvæð áhrif á heilsu manna. Áhrif þessara efna eru í beinu sambandi við styrk í umhverfi og matvælum.

Niðurstöður vöktunarinnar benda til þess að sjávarfang sem veitt er hér við land sé yfirleitt undir Evrópusambandsmörkum. Fyrir fiskimjöl og fódurlýsi getur styrkurinn þó í einstaka tilfellum nálgast sett viðmiðunarmörk og jafnvel verið hærra en mörkin. Þetta staðfestir nauðsyn þess að fylgjast vel með magni mengunar í sjávarafurðum.

Styrkur mengandi efna er háður næringarlegu ástandi uppsjávarfiskistofnanna sem lýsið og mjölið er unnið úr og nær hámarki á hrygningartíma. Á þeim árstíma hættir magni díoxína og díoxínlíkra PCB efna, auk einstakra varnarefna, til þess að fara yfir leyfileg mörk Evrópusambandsins. Þetta á sérstaklega við um afurðir unnar úr kolmunna.

Framundan er að bæta enn frekar við þann gagnagrunn sem nú þegar er til staðar og nýta þekkinguna til að upplýsa stjórnvöld, útflytjendur, sjávarútvegsfyrirtæki, eftirlitsaðila, neytendur og kaupendur íslenskra sjávarafurða.

Hagnýtt gildi þessara rannsókna er ekki síst á sviði markaðsmála, því upplýsingar á þessu sviði er mikilvægt verkfæri í allri markaðssókn fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Helga Gunnlaugsdóttir ([helga.gunnlaugsdottir@matís.is](mailto:helga.gunnlaugsdottir@matís.is))